

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgangsfundum 30. júní 2023 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

Vinastræti 1-3, óveruleg breyting vesturhluta Urriðaholts, Urriðaholtsskóli.

Breytingin gerir ráð fyrir að eftirfarandi ákvæði bætist við greinargerð deiliskipulagsins: Heimilt er að nýta skólalóð utan sem innan byggingarreits fyrir færanlegar kennslustofur til bráðabirgða, enda uppfylli þær kröfur byggingarreglugerðar um brunavarnir.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 3. júlí 2023.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 4. júlí 2023